Fjármálavit

EINTAK KENNARA

Verkefni og spurningar

Verkefni fyrir kennslu í fjármálalæsi


Fjármálavit
fjarmalavit.is · fjarmalavit@fjarmalavit.is

Inngangur

Í þessu hefti eru verkefni fyrir kennslu í fjármálalæsi.

Verkefnin eru tilvalin sem skilaverkefni, ýmist sem einstaklingsverkefni eða hópverkefni.

Á vefnum fjarmalavit.is/verkefni eru frekari upplýsingar um verkefnin og annað kennsluefni í fjármálalæsi. Að auki er þar vísað í reiknivélar um lán og sparnað sem hægt er að nýta í verkefnunum.



Fjármálavit

Efnisyfirlit

Efni uppfært í október 2026

Verkefnin geta bæði verið hópverkefni og einstaklingsverkefni.

1 Verkefni: Kostnaður 4

Markmið: Að nemendur efli verðskyn og kostnaðarvitund.

I. *Hvað kosta ég? – einstaklingsverkefni* 5
II. *Hvað kosta ég? – hópverkefni* 8

2 Verkefni: Launaseðill 22

Markmið: Að nemendur þekki hugtök launaseðils og átti sig á helstu réttindum og skyldum launþega.

I. *Launaseðillinn – hugarkort – kahootleikur* 23
II. *Launaútreikningur* 29

3 Verkefni: Vextir og ávöxtun 34

Markmið: Að nemendur átti sig á samspili vaxta og tíma í sparnaði og lántöku.

I. *Völundarhús vaxtanna* 35
II. *Fjármálastjórinn* 39

4 Verkefni: Lán og sparnaður 47

Markmið: Að kenna ungu fólki að umgangast lánaframboð á skynsaman hátt út frá þörfum og greiðslugetu og einblína meira á sparnað.

I. *Að greiða niður skuldir* 48
II. *Að taka lán eða spara* 53

5 Verkefni: Markmið og sparnaður 58

Markmið: Að nemendur hugsi um eigin fjármál, þekki hugtök í fjármálum og tileinki sér framtíðarhugsun með sparnað og fyrirhyggju að leiðarljósi.

I. *Að setja sér markmið* 59
II. *Sparnaðaráætlunin mín* 73
III. *Traust fjármál* 74
IV. *Hugtakaleikur* 85

6 Fyrstu skref í fjármálum – spurningar úr bók 88

Nánari upplýsingar um verkefnin eru á vefsíðu Fjármálavits: fjarmalavit.is/verkefni

Fjármálavit

VERKEFNI 1

Kostnaður

Markmið

Að nemendur efli verðskyn og kostnaðarvitund.

Í KAFLANUM

I **Hvað kosta ég? – einstaklingsverkefni** bls. 5
3 blaðsíður

II **Hvað kosta ég? – hópverkefni** bls. 8
14 blaðsíður

Fjármálavit

EINSTAKLINGSVERKEFNI

Hvað kosta ég?

I. Einstaklingsverkefni

1 Vinnublað

Vinnublað: einstaklingsverkefni

Notaðu vinnublaðið til að skrá og áætla kostnaðinn þinn.

2 Verkefnið

Áætlaðu ýmsan kostnað þinn — til dæmis þennan:

Klæðnaður *Föt og skór*	**Matur** *Máltíðir og nesti*	**Áhugamál** *Tómstundir og það sem þú hefur gaman af*
Samgöngur *Hvernig þú ferðast milli staða*	**Og fleira...** *Allt annað sem kostar þig*	**Samtals** *Hvað kostar þú samtals?*

3 Skil

Skilaðu verkefninu

Skilaðu í möppu eða fylltu vinnublaðið út á vef og sendu á kennara.

Fjármálavit

VINNUBLAÐ

Hvað kosta ég?

Einstaklingsverkefni

Nafn: _____ **Bekkur:** _____

Í þessu verkefni átt þú að áætla hvað þú kostar. Hér að neðan er mynd af manneskju sem á að tákna þig í dag. Skrifaðu við hana kostnað á öllum þeim hlutum sem þú hefur/hafðir á þér í dag, t.d. **fatnað, skartgripi, snyrtivörur og tæki**. Einnig átt þú að hugsa um og meta eigur þínar heima fyrir. Ef tími gefst til mátt þú teikna þessa hluti á myndina. Að lokum svarar þú spurningum á næsta blaði.

Hlutur og verð

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.


_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.



Hlutur og verð

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

_____ kr.

Fjármálavit

Spurningar

1 Hvað kostar allt sem þú átt?

Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem þú átt heima, húsgögn, tölva, snyrtivörur, hjól o.fl.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem þú gerir á einu ári?

Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef þú þyrftir að vera ódýrari í rekstri, hverju gætir þú sleppt?

Fjármálavit

HÓPVERKEFNI

Hvað kostar hann/hún?

II. Hópverkefni

1	Vinnublað: **hópverkefni.**
2	Veljið **eina persónu** á vinnublaði.
3	Áætlið hvað persónan ykkar kostar, skoðið t.d. **klæðnað, mat, áhugamál, samgöngur** ofl.
4	Skrifið svörin á blað og **kynnið.**
5	Skilið til **kennara.**


Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 1

Hvað kostar hann?

Nafn: _____ **Aldur:** 16 ára

Skóli: _____



Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir körfubolta fjórum sinnum í viku og fer einnig, þegar tími gefst, í ræktina. Hann vinnur með skólanum við að bera út blöð til að geta notið lífsins, en hann fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott.

Nýlega flutti hann úr sínu gamla hverfi og þurfa foreldrar hans oft að keyra hann á milli þar sem hann vildi klára 10. bekk í sínum gamla skóla. Hann er því mikið í gamla hverfinu á daginn þar til æfingar eru búnar og þarf að kaupa sér eitthvað að borða eða vera með gott nesti.

Hann hefur áhuga á fötum og má segja að töluvert af peningum hans fari í fatnað.

Áhugamálin eru auðvitað körfubolti, en auk þess er hann að læra á trompet.

Spurningar

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hans, í hvaða skóla hann er og hvað hann fær í laun í vinnunni sinni.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?


Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 2

Hvað kostar hún?

Nafn: _____ **Aldur:** 17 ára

Skóli: _____



Persónan ykkar er á öðru ári í framhaldsskóla og býr í Breiðholti hjá frænku sinni þar sem hún er utan af landi. Hún á gamlan smábíl sem hún fékk frá foreldrum sínum á 17 ára afmælinu og greiðir sjálf fyrir bílatryggingu og bensín.

Hún vinnur á kaffihúsi með skólanum og fær einhver laun fyrir það.

Áhugamál hennar eru dans, en hún æfir dans fjórum sinnum í viku sem foreldrar hennar greiða fyrir, en hún keppir í samkvæmisdönsum. Hún fer einu sinni á ári í keppnisferð til útlanda sem foreldrar hennar hjálpa henni að borga.

Rekstur á bílnum í hverjum mánuði:

Skyldutrygging á bíl	Bensín
20.000 kr.	**25.000 kr.**

Spurningar

1 Hvað kostar allt sem hún á?
Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?
Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hennar, í hvaða skóla hún er og hvað hún fær í laun.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Fjármálavit

Svarblað · **Hvað kostar hún?**

1 Hvað kostar allt sem hún á?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?

Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 3

Hvað kostar hún?

Nafn: _____ **Aldur:** 16 ára

Skóli: _____



Persónan ykkar er í 10. bekk, æfir fótbolta þrisvar í viku og er enn að læra á píanó, en hún byrjaði að læra þegar hún var sex ára. Þegar hana vantar föt þá er hún dugleg að kaupa þau á netinu og stundum kaupir hún með vinkonum sínum til að skiptast á að nota.

Hún vinnur aðeins með skólanum við að hjálpa til við að passa krakkana í daggæslunni í grunnskólanum og fær smá pening fyrir það.

Hún fer stundum í keppnisferðir vegna fótboltans og þá þurfa foreldrar hennar að hjálpa henni með kostnað. Hún er mikil áhugamanneskja um myndlist og er á námskeiði sem kostar allt að 90.000 kr. á ári. Foreldrar hennar hafa hingað til greitt námskeiðið en munu hætta því núna.

Spurningar

1 **Hvað kostar allt sem hún á?**
Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

2 **Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?**
Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 **Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?**

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hennar, í hvaða skóla hún er og hvað hún fær í laun.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Fjármálavit

Svarblað · **Hvað kostar hún?**

1 Hvað kostar allt sem hún á?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hún á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hún gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hún á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hún þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hún sleppt?


Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · PERSÓNA 4

Hvað kostar hann?

Nafn: _____ **Aldur:** 15 ára

Skóli: _____



Einstaklingurinn ykkar á heima í sveit og fer með skólabíl í skólann á hverjum morgni.

Hann er frekar nægjusamur í neyslu og reynir að passa peningana sína þar sem hann er að safna fyrir bíl, en hann vinnur við ferðaþjónustu hjá foreldrum sínum. Hann eyðir ekki miklu í fatnað og fylgihluti þar sem hann fær eitthvað frá eldri bróður sínum og það helsta sem hann eyðir í er eitthvað tengt hestamennskunni, en hestar eru hans helsta áhugamál, og á hann einn hest sjálfur.

Hann æfir frjálsar íþróttir tvisvar í viku og þarf þá að láta keyra sig, en foreldrar hans og vina hans skiptast töluvert á í þeim efnum.

Þar sem það er ekki mikið um afþreyingu eða skemmtanir í sveitinni hans er hann oft í tölvuleikjum og á nóg af þeim.

Spurningar

1 Hvað kostar allt sem hann á?
Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?
Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hans, í hvaða skóla hann er og hvað hann fær í laun.
- Notið sér pappaörk eða blað til að svara spurningunum hér að ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Svarblað · **Hvað kostar hann?**

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

Samtals: _____ **kr.**

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Samtals: _____ **kr.**

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

VERÐUPPLÝSINGAR

Verðupplýsingar til viðmiðunar við úrlausn verkefnisins*

Hreyfing

Skólakort í ræktina, fyrir 12 mánuði	**um 105.000 kr.**
Eitt skipti í sund fyrir 16 – 18 ára	**400 kr.**
Árskort í sund	**3.000 kr.**
Dagskort á skíði fyrir unglinga 6 – 18 ára	**um 2.000 kr.**
Skautaferð í skautahöll, 16 ára og yngri *aðgangur: 1.000 kr. og leiga á skautum 950 kr.*	**1.950 kr.**
Skautaferð í skautahöll, 17 ára og eldri *aðgangur 2.000 kr. og skautaleiga: 950 kr.*	**2.950 kr.**
Keila, 50 mínútur, fyrir sex manns	**9.499 kr.**

Ferðakostnaður

Árskort í strætó fyrir ungmenni 12 – 17 ára farþega	**60.000 kr.**
Stök ferð fyrir ungmenni 12 – 17 ára	**345 kr.**
Nemakort í strætó í eitt ár fyrir 18 ára og eldri	**60.000 kr.**
Bensínkostnaður smábíls á mánuði, að meðaltali	**25.000 kr.**

Afþreying

Bíóferð almennt, með pop og kók	**um 3.000 kr.**
Þriðjudagstilboð, með pop og kók	**1.420 kr.**
Tilboð	*sjá á vef bíóhúsanna*
Leikhúsferð fyrir námsmenn (fer eftir tilboðum)	**um 8.000 kr.**
Tónleikar	*misdýrir eftir flytjanda*

Matur og skyndibiti

Matarútgjöld 4 manna fjölskyldu á mánuði	**um 80.000 kr.**
Matarútgjöld á hvern fjölskyldumeðlim á mánuði	**tæpar 20.000 kr.**

Tómstundir og íþróttir

Ýmsar tómstundir á hvern nemanda, á mánuði	**um 20.000 kr.**
Íþróttaiðkun unglinga, að meðaltali á ári	**um 95.000 kr.**

* *Fjármálavit ábyrgist ekki nákvæmni ofangreindra upplýsinga. Um er að ræða meðaltöl á verðlagi frá árinu 2024.*

Fjármálavit

LEIÐBEININGAR FYRIR LEIÐBEINANDA

Hópverkefni – hvað kosta ég?

1 Spjall	2 Verkefnið	3 Kynning og umræður
10 mín.	40 mín.	20 – 30 mín.

10 mín. 1 Spjall

Leiðbeinandi byrjar á því að skipta nemendum í 3 – 4 manna hópa, lýsir skipulagi kennslunnar í stuttu máli og segir nemendum frá markmiði hennar – að auka kostnaðarvitund nemenda. Næst varpar hann fram nokkrum spurningum til að tengja nemendur við viðfangsefnið og byrjar á því að spyrja þá hvað þeir kosta þennan daginn eins og þeir eru í skólanum, þá er gott að skrifa á töfluna allt sem þeir týna til.

> *„Hvað haldið þið að það sem þið eruð með í skólanum í dag kosti?“*

> *„Hvað er það sem þið teljið til?“*

Hér geta skapast ágætis umræður. Gaman er að fá nemendur til að skoða fötin sín og telja allt til. Síðan er hægt að biðja þau að hugsa um allt annað sem þau eiga, eins og heima. „Ef þið bætið við því sem þið eigið heima – hvað mynduð þið telja til?“ Leiðbeinandi getur skrifað það sem nemendur nefna á töfluna (skór, buxur, gleraugu, sími, derhúfa, rúm, tölva, rakspíri, skrifborð, fötin heima, snyrtidót o.s.frv.). Gott er að fá þau til að hugsa um hvaða hlutir þetta eru því það mun hjálpa þeim í verkefninu síðar.

> *Er auðveldara að eyða peningum sem ykkur eru gefnir en þeim sem þið vinnið ykkur inn fyrir?*

Hér er gott að koma aðeins inn á þá staðreynd að við erum líklegri til þess að fara betur með þá peninga sem við vinnum fyrir sjálf en þá sem okkur eru gefnir.

Myndbönd

Fínt er að staldra aðeins við og sýna þeim eitt til tvö myndbönd áður en lengra er haldið (sjá **fjarmalavit.is/myndbönd**).

40 mín. 2 Verkefnið

Í byrjun fær hver hópur verkefnablað með lýsingu á ímynduðum einstaklingi sem endurspeglar dæmigerðan ungling og áhugamál hans. Hver hópur gefur sínum unglingi nafn og velur í hvaða skóla hann/hún gengur og hvað hann fær í laun ef hann er að vinna meðfram skólanum. Verkefnið er að átta sig á virði alls þess sem unglingurinn á.

Gott er að sem flestir í hverjum hópi fái verkefnablað svo allir geti lesið sér til um ungling síns hóps. Það eru til fjórar unglingapersónur, og er gaman að hafa einhverja hópa með sömu persónuna til að bera saman niðurstöður.

Hver hópur fær

eina pappírsörk, tússpenna og blað með verðupplýsingum, en á því eru grunnupplýsingar um verð á ýmsum hlutum. Listinn er ekki tæmandi og gert er ráð fyrir því að nemendur þurfi að áætla kostnað á ýmsu sjálfir og leiti að verðhugmyndum rafrænt.

Hópurinn setur allar upplýsingar um unglinginn sinn á örkina, en hægt er að benda þeim á að teikna mynd og skreyta. Niðurstaðan verður skemmtilegt plagg með lýsingum á einstaklingnum og tilheyrandi svörum við spurningum af verkefnablaðinu.

Ef einstaklingurinn heitir t.d. Selma, þá getur yfirskrift pappírsarkarinnar verið: **Hvað kostar Selma?**

20 – 30 mín. 3 Kynning og umræður í lokin

Í lokin segir hver hópur frá sínum einstaklingi. Gaman er fyrir hópana að fara upp að töflu og kynna niðurstöðurnar. Leiðbeinandi getur svo spurt hópana spurninga út frá verkefnum þeirra. Dæmi um spurningar til nemenda:

> *„Teljið þið að fjárfestingar í eigum ykkar hafi verið skynsamlegar?“*

> *„Hvað er mikilvægt að eyða peningunum í?“*

> *„Merkjavara eða ekki. Er einhver merkjavara það góð að hægt sé að réttlæta tvöfalda verðlagningu?“*

> *„Ef þið gætuð skilað öllu því sem þið hafið talið upp og fengið pening, hvað mynduð þið gera við hann?“*

Myndbönd

Ef tími gefst er hægt að sýna fleiri myndbönd á vefsíðu Fjármálavits.


Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · DÆMI UM ÚRLAUSN

Hvað kostar hann?

Nafn: *Tómas Helgason* _____ **Aldur:** 16 ára

Skóli: *Sunnulækjaskóli* _____



Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir körfubolta fjórum sinnum í viku og fer einnig, þegar tími gefst, í ræktina. Hann vinnur með skólanum við að bera út blöð til að geta notið lífsins, en hann fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott.

Nýlega flutti hann úr sínu gamla hverfi og þurfa foreldrar hans oft að keyra hann á milli þar sem hann vildi klára 10. bekk í sínum gamla skóla. Hann er því mikið í gamla hverfinu á daginn þar til æfingar eru búnar og þarf því að kaupa sér eitthvað að borða eða vera með gott nesti.

Hann hefur áhuga á fötum og má segja að töluvert af peningum hans fari í fatnað.

Áhugamálin eru auðvitað körfubolti, en auk þess er hann að læra á trompet.

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hans, í hvaða skóla hann er og hvað hann fær í laun í vinnunni sinni.
- Notið örkina til að vinna verkefnið og svara spurningunum hér fyrir ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

Supreme hettupeysa	17.000 kr.
Vans bolur	10.000 kr.
Nike buxur og sokkar	32.000 kr.
Jordan skór	17.000 kr.
66 gr. úlpa	76.000 kr.
Íþróttaföt og skór	80.000 kr.
Samtals	**232.000 kr.**

Heima

allt í herbergi

Samtals

683.399 kr.

Samtals virði alls sem hann á: 915.399 kr.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Körfubolti	60.000 kr.
Tónlistarskólinn	85.000 kr.
Ræktin	86.000 kr.
Akstur foreldra	90.000 kr.
Skyndibiti + búð	360.000 kr.
Samtals	**681.000 kr.**

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

- *Minnka skyndibita + búð*
- *Ekki eiga árskort í ræktina*
- *Minnka kaup á merkjafötum*

Kostnaður til samans á ári: 1.596.399

Fjármálavit

VERKEFNI 2

Launaseðill

Markmið

Að nemendur þekki hugtök launaseðils og átti sig á helstu réttindum og skyldum launþega.

Í KAFLANUM

I **Launaseðillinn – hugarkort – kahootleikur** bls. 23
6 blaðsíður

II **Launaútreikningur** bls. 29
5 blaðsíður

Fjármálavit

VERKEFNI

Launaseðillinn

Verkefni


1	**Hugarkort** – byrjaðu á að skrifa orðið **„Launaseðill“** í miðjuna á A4 blaði, settu nokkur orð í kring sem þér finnst tengjast launaseðli.
2	Náðu í verkefnablað: **launaseðill Fjármálavits.**
3	Horfðu á **myndband** um launaseðilinn á **Fjarmalavit.is/námsefni/launaseðillinn.**
4	Tengdu þig (hópinn) við **Kahoot.it** og svaraðu spurningunum. Fáðu notendanafn og lykilorð hjá kennara.
5	Bættu við **fleiri orðum með öðrum lit** á A4 blaðið sem þú hefur lært um launaseðilinn.

SÝNISHORN

Dæmi um hugarkort

Fyrra hugarkort – það sem nemendur vissu fyrir

Síðara hugarkort – það sem nemendur lærðu



Fjármálavit

DÆMI UM LAUNASEÐIL

Launaseðill

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang
Kennitala fyrirtækis

Jóna Jóelsdóttir
Salalind 24
201 Kópavogur

Dagsetning	1. 03. 20___
Launatímabil:	1.02 – 31.02
Kennitala:	Jóna er 16 ára
Bankareikningur	xxx – 26 – xxx kr. 98.969
Orlofsreikningur	xxx – 16 – xxx kr. 10.070

LAUN	FRÁDRÁTTUR	ÚTBORGUÐ LAUN
109.095 kr.	**10.126 kr.**	**98.969 kr.**

LAUN	TÍMAR/EININGAR	TAXTI	UPPHÆÐ
Dagvinna, 16 ára	10	2.410	24.100
Eftirvinna, 16 ára	22,5	3.330	74.925
Orlof		10,17%	10.070
		Samtals	**109.095**

FRÁDRÁTTARLIÐIR	TAXTI	UPPHÆÐ
Lífeyrissjóður	4,00%	4.363
Viðbótarlífeyrissparnaður	0,00%	0
Stéttarfélag	0,70%	763
Staðgreiðsla skatta		0
Vöruúttekt		5.000
	Samtals	**10.126**

SKATTALEGAR UPPLÝSINGAR	UPPHÆÐ
Heildarlaun	109.095
Lífeyrissjóðsframlag	-4.363
Skattstofn	104.732
Skattþrep 1 (31,49%)	32.980
Persónuafsláttur	72.492
Til greiðslu	0
Uppsafnaður persónuafsláttur á árinu	74.512*

*Samanlagður persónuafsláttur sem ekki nýtist í janúar og febrúar.

FRÁ ÁRAMÓTUM	TÍMAR	UPPHÆÐ
Dagvinna	21	50.610
Eftirvinna	50,5	168.165
Orlof		22.249
Orlofsuppbót	0,00	0
Stórhátíðarálag	0	0
Samtals		241.024
Lífeyrissjóður		9.640
Stéttarfélag		1.687
Staðgreiðsla skatta		0
Vöruúttekt		11.000
Samtals frádráttur		22.327

Fjármálavit

KENNSLUFERLI · LAUNASEÐILLINN

Umræðupunktar um myndband

Sjá nánar um hugtök launaseðilsins í upplýsingariti.

1 **Hvað kom fram í myndbandinu?**

Hér er gott að fá nemendur til að nefna eitthvað sem fjallað var um, eins og skattur, lífeyrissjóður o.s.frv.

2 **Er eitthvað á launaseðlinum sem þið mynduð vilja losna við? Af hverju?**

Rennum nú yfir launaseðilinn sem þið eruð með og fjallað var um í myndbandinu.

3 **Hver er munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?**

Dagvinna eru unnir vinnutímar á daginn en eftirvinna eru unnir vinnutímar á kvöldin og um helgar. Samkvæmt launaseðlinum hefur starfsmaðurinn unnið fleiri eftirvinnustundir en dagvinnustundir enda í hlutastarfi eftir skóla og um helgar.

4 **Hafið þið heyrt um jafnaðarkaup?**

Nokkuð algengt er að fólk sem starfar í blandaðri vinnu, þ.e. dag-, kvöld- og helgarvinnu sé boðið svokallað jafnaðarkaup. Þá er starfsmanninum boðið kaup sem er örlítið hærra en kaup fyrir klukkutímann í dagvinnu. Hins vegar fær þá starfsmaðurinn sömu laun á tímann fyrir kvöld- og helgarvinnu. Í einhverjum tilvikum er um að ræða vinnustaði þar sem kvöld- og helgarvinna er algengari, svo sem kaffihús og veitingastaði sem frekar eru opnir um kvöld og helgar.

Ef vinnuveitandi býður starfsmanni jafnaðarkaup skal liggja fyrir hver vinnutíminn er og á starfsmaður að vera meðvitaður um að hann tapi ekki á því að þiggja jafnaðarkaup, frekar en dagvinnu og eftirvinnu.

> **Ef starfsmaður vinnur meira í eftirvinnu en dagvinnu, myndi það þá henta honum að þiggja jafnaðarkaup?**
>
> Nei.

5 **Svo er það orlof – vitið þið hvað það er?**

Orlof er í raun áunnið frí sem allir starfsmenn eiga rétt á. Það er ekki innifalið í launum heldur bætist ofan á. Samkvæmt lögum er orlof reiknað sem 10,17% af mánaðarlaunum. Þeir sem vinna í hlutastarfi fá orlofið oftast greitt út jafnóðum, eða það safnast upp á ákveðnum orlofsreikningi sem er laus til útborgunar í maí á hverju ári.

Áður en launin eru greidd út eru ákveðin gjöld dregin frá – skoðum það nánar.

6 Hvað er lífeyrissparnaður?

Við byrjum að greiða í lífeyrissjóð næstu mánaðamót eftir 16 ára afmælisdaginn, en öllum sem eru í vinnu á aldrinum 16 – 70 ára er skylt að greiða 4% af launum sínum í lífeyrissjóð. Atvinnurekandinn greiðir frá 8 – 11,5% af mánaðarlaunum starfsmannsins í lífeyrissjóðinn sem mótframlag, en sú prósenta er misjöfn eftir því í hvaða stéttarfélagi maður er. Þegar við eldumst og hættum að vinna þá fáum við greitt úr lífeyrissjóðnum til æviloka.

Það er misjafnt í hvaða lífeyrissjóði starfsmenn greiða og fer það oft eftir því við hvað þeir starfa, t.d. eru starfsmenn ríkisins og fleiri skyldugir til að greiða í ákveðinn lífeyrissjóð en aðrir geta valið. Okkar starfsmaður varð 16 ára í ágúst og byrjaði að greiða í lífeyrissjóð í september.

7 Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?

Margir ákveða að greiða önnur 2 – 4% í viðbótarlífeyrissparnað til að eiga enn meira þegar þeir hætta að vinna. Ef starfsmaðurinn greiðir í viðbótarlífeyrissparnað á atvinnurekandinn einnig að greiða mótframlag sem nemur 2% af heildarlaunum, sem er í raun launahækkun sem rennur óskert inn á sparnaðinn, en þessa launahækkun fær maður ekki nema greiða í viðbótarlífeyrissparnað. Starfsmaður getur valið sér lífeyrissjóð fyrir viðbótarsparnaðinn, sem þarf ekki að vera sami lífeyrissjóðurinn og hann greiðir skyldulífeyrissparnaðinn í.

> **Ábending** *Gott er að nefna að þau geti sparað skattfrjálst fyrir útborgun í fyrstu íbúð með greiðslum í viðbótarlífeyrissparnað.*

8 Stéttarfélag – vitið þið hvað það er?

Flestir launþegar eru aðilar að stéttarfélagi sem þeir greiða félagsgjald til. Yfirleitt er félagsgjald í stéttarfélag í kringum 0,7 – 1% af launum og sést upphæðin á launaseðlinum. Stéttarfélag veitir félagsmönnum ýmsa þjónustu eins og upplýsingar og aðstoð vegna launamála, og annarra réttinda félagsmanna. Stéttarfélög semja um laun og önnur starfskjör fyrir hönd launþega með kjarasamningum.

Stéttarfélög á Íslandi eru fjölmörg og skiptast eftir starfsgreinum og landssvæðum. Starfsmaðurinn okkar greiðir 0,7% í stéttarfélagið sitt, VR. Starfsmaður getur m.a. leitað til stéttarfélags og fengið upplýsingar og aðstoð ef eitthvað er óljóst gagnvart atvinnurekanda, auk þess sem aðild að stéttarfélagi veitir manni ýmis réttindi til styrkja og aðgangi að orlofshúsum.

9 Staðgreiðsla skatta

Skattur er gjald sem allir sem vinna þurfa að greiða og er notaður til að mæta sameiginlegum kostnaði. Fyrir skattinn reka ríkið og sveitarfélög t.d. menntakerfið, heilbrigðiskerfið og vegakerfið. Skatturinn borgar fyrir skólagöngu okkar og fyrir sjúkrakostnað ef við veikjumst eða slösumst.

Skattur af launum er greiddur í þrepum eftir því hversu mikið fólk fær í laun. **Skattþrepin eru þrjú.**

10 Svo eru nánari skattalegar upplýsingar neðst á launaseðlinum

Þar kemur fram hver skattstofninn er, en hann er sú upphæð sem skatturinn er reiknaður af. Það sem við greiðum í lífeyrissjóð er undanþegið skatti en við greiðum skattinn af lífeyrisgreiðslunum síðar þegar við fáum greitt úr lífeyrissjóðnum.

> **Í hvaða skattþrepi er starfsmaðurinn okkar?**
> Hann er í skattþrepi 1.

> **En af hverju greiðir hann ekki skatt þennan mánuðinn?**
> Það er vegna þess að hann fær persónuafslátt.

11 Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er skattaafsláttur sem veittur er öllum einstaklingum 16 ára og eldri. Persónuafsláttur kemur að góðum notum en hann lækkar þá upphæð sem við greiðum í skatt í hverjum mánuði. Upphæðin er sú sama fyrir alla óháð tekjum.

Persónuafslætti má safna upp milli mánaða og nýta síðar á árinu. Uppsafnaður persónuafsláttur sem ekki er nýttur innan skattárs fellur niður við lok þess. Okkar starfsmaður er með uppsafnaðan persónuafslátt sem getur komið sér vel síðar á árinu t.d. í sumar þegar hann vinnur meira, fær hærri laun og þarf að greiða hærri skatt.

Án persónuafsláttar þarf sá sem er í vinnu að greiða fullan skatt af launum sínum. Þegar byrjað er í nýrri vinnu ber starfsmaður sjálfur ábyrgð á því að launagreiðandi fái upplýsingar um hvort nýta eigi persónuafsláttinn 100% eða hvort starfsmaður vilji nýta hluta hans á öðrum vinnustað.

Ef einstaklingur vinnur á tveimur stöðum getur hann skipt persónuafslætti sínum á báða vinnustaði. Það er á hans ábyrgð að láta vinnuveitanda vita hversu mikið hann vill nýta af persónuafslættinum hjá honum.

12 Samtals frá áramótum

Á öllum launaseðlum eru upplýsingar um samanlögð laun og frádrátt frá áramótum, hjá okkar starfsmanni er það neðst til hægri á launaseðlinum.

Þar kemur fram heildar tímafjöldi frá áramótum í dagvinnu og eftirvinnu, hversu mikið hefur safnast í orlof og hvað hann hefur unnið marga stórhátíðarvinnutíma (rauða daga) o.s.frv.

> **Hvað eru rauðir dagar? Getið þið nefnt dæmi um þá?**
> Á þessum dögum er ekki vinnuskylda. Ef unnið er á þessum dögum greiðist aukaálag fyrir til viðbótar við fasta og reglubundna vakt á þessum dögum.

Dæmi um slíka daga eru: skírdagur, annar í páskum, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, sumardagurinn fyrsti, frídagur verslunarmanna, annar í jólum, 1. maí, nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, jóladagur, og svo eftir kl. 12 á aðfang- og gamlársdag.

Góð regla er að halda vel utan um þessa daga og bera saman við launaseðilinn.

Að lokum kemur fram samtals hvað hefur verið dregið af starfsmanninum í skatt og launatengd gjöld frá áramótum.

Fjármálavit

VERKEFNI

Launaútreikningur

1	Gerðu **launaseðil** fyrir **Þorgerði** og annan fyrir **Þorlák**.
2	Vinnublað: **upplýsingar um Þorgerði og Þorlák.**
3	Vinnublað: **auður launaseðill.**

Fjármálavit

VINNUBLAÐ

Launaútreikningur Upplýsingar um Þorgerði og Þorlák

1 Þorgerður

Þorgerður er nýbyrjuð að vinna hjá ferðaþjónustufyrirtækinu *Fljúgum hærra ehf*. Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn hingað til. Nú þarf Njáll að reikna út laun Þorgerðar en hann er óvanur því og þarf aðstoð þína.
Notaðu auðan launaseðil og fylltu inn.

FORSENDUR

- Þorgerður er með **592.000 kr.** í mánaðarlaun og með **18 yfirvinnutíma** í mánuðinum.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt 1% af heildarlaunum. Hún er með **5.920 kr.** í yfirvinnukaup á tímann.

2 Þorlákur

Þorlákur er með aðeins lengri starfsreynslu en Þorgerður og er með **616.000 kr.** í mánaðarlaun hjá fyrirtækinu *Blásum í lúðra ehf*. sem sérhæfir sig í veisluþjónustu. Launagreiðandinn er í fríi og því þarf aðstoð frá þér við að fylla út launaseðilinn.
Notaðu auðan launaseðil og fylltu inn.

FORSENDUR

- Yfirvinnukaupið hans er 1% af heildarlaunum, eða **6.160 kr.**

Skattþrepin eru þrjú

1. ÞREP **31,49%**	2. ÞREP **37,99%**	3. ÞREP **46,29%**
0 – 498.122 kr.	**498.123 – 1.398.450 kr.**	**Yfir 1.398.450 kr.**
Laun frá 0 – 498.122 kr. á mánuði, skattur 31,49%.	Laun á bilinu 498.123 – 1.398.450 kr. á mánuði, skattur 37,99%.	Laun yfir 1.398.450 kr. á mánuði, skattur 46,29%.

Persónuafsláttur Árið 2026 er persónuafslátturinn **72.492 kr. á mánuði**, eða **869.904 kr. yfir árið**.

Forsendur fyrir bæði

- Reiknað er **10,17%** í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er **4%** af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er **1%** af heildarlaununum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlaununum og síðan taka **31,49%** af upphæð launanna að kr. 498.122 kr. (þrep 1) og **37,99%** af upphæð launanna sem er umfram það (þrep 2).
- Persónuafslátturinn er **72.492 kr.** og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlaununum og útkoman er útborguð laun.

Verkefnið Reiknaðu út hvað Þorgerður fær útborgað og notaðu auðan launaseðil til að fylla inn. Nýttu sömu upplýsingar sem gefnar eru hér fyrir ofan fyrir Þorlák.

Fjármálavit

VINNUBLAÐ

Launaseðill

Auður launaseðill til útfyllingar

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang
Kennitala

Nafn launþega: _____

Heimili: _____

Póstnr.: _____

Kt. launþega: _____

LAUNATÍMABIL
1.01 – 31.01

DAGSETNING
1. 02. 20___

SAMTALS LAUN	SAMTALS FRÁDRÁTTUR	ÚTBORGUÐ LAUN
kr. _____	kr. _____	kr. _____

Launaliðir	Tímar	Taxti	Launaupphæð
Mánaðarlaun	1		
Yfirvinna			
Orlof			
		Samtals launaliðir:	

Frádráttarliðir	Tímar	Taxti	Frádráttarupphæð
Lífeyrissjóður			
Stéttarfélagsgjald			
Staðgreiðsla skatta			
		Samtals frádráttarliðir:	

Útreikningur á staðgreiðslu

1. Staðgreiðslustofn er heildarlaun kr._____ en að frádregnu lífeyrissjóðsframlagi launþega kr._____. Staðgreiðslustofn verður því kr._____.
2. Af launum upp að kr. 498.122 reiknast 31,49% skattur (þrep 1) sem gerir kr._____ og af launum umfram kr. 498.122 reiknast 37,99% (skattþrep 2) sem gerir kr._____. Samanlagður skattur þennan mánuð er því kr. _____.
3. Á móti kemur persónuafsláttur upp á kr. 72.492. Staðgreiðsla verður því kr. _____.

Fjármálavit

LAUSNIR

Launaseðill – lausnir Þorgerður

Gul auðkenndar tölur eru þær sem nemendur þurftu að finna út.

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang
Kennitala

Nafn launþega: Þorgerður _____
Heimili: _____
Póstnr.: _____
Kt. launþega: _____

LAUNATÍMABIL
1.01 – 31.01

DAGSETNING
1. 02. 20___

SAMTALS LAUN	SAMTALS FRÁDRÁTTUR	ÚTBORGUÐ LAUN
kr. **819.003**	kr. **247.218**	kr. **571.785**

Launaliðir	Tímar	Taxti	Launaupphæð
Mánaðarlaun	1	**630.000**	1 * 592.000 = **630.000**
Yfirvinna	**18**	**6.300**	18 * 5.920 = **113.400**
Orlof		10,17%	0,1017 * 743.400 = **75.603**
		Samtals launaliðir:	**819.003**

Frádráttarliðir	Tímar	Taxti	Frádráttarupphæð
Lífeyrissjóður		4%	0,04 * 819.003 = **32.760**
Stéttarfélagsgjald		1%	0,01 * 819.003 = **8.190**
Staðgreiðsla skatta		31,45%	* = **206.268**
		Samtals frádráttarliðir:	**247.218**

* Útreikningur á staðgreiðslu

Staðgreiðslustofn er heildarlaun kr. **819.003** að frádregnu lífeyrissjóðsframlagi launþega kr. **32.760**. Staðgreiðslustofn verður því kr. **786.243**.

Af launum upp að 498.122 kr. reiknast 31,49% skattur (þrep 1) sem gerir kr. **156.858** og af launum umfram kr. 498.122 að kr. 819.003 reiknast 37,99% (skattþrep 2) sem gerir kr. **121.902**. Samanlagður skattur þennan mánuð er kr. **278.760**.

Á móti kemur persónuafsláttur upp á kr. 72.492. Staðgreiðsla verður því kr. **206.268**.

LAUSNIR

Launaseðill – lausnir Þorlákur

Gul auðkenndar tölur eru þær sem nemendur þurftu að finna út.

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang
Kennitala

Nafn launþega: Þorlákur _____
Heimili: _____
Póstnr.: _____
Kt. launþega: _____

LAUNATÍMABIL
1.01 – 31.01

DAGSETNING
1. 02. 20___

SAMTALS LAUN	SAMTALS FRÁDRÁTTUR	ÚTBORGUÐ LAUN
kr. **846.126**	kr. **258.878**	kr. **587.248**

Launaliðir	Tímar	Taxti	Launaupphæð
Mánaðarlaun	1	645.000	1 * 645.000 = **645.000**
Yfirvinna	**20**	6.160	20 * 6.160 = **123.200**
Orlof		10,17%	0,1017 * 768.200 = **78.126**
		Samtals launaliðir:	**846.126**

Frádráttarliðir	Tímar	Taxti	Frádráttarupphæð
Lífeyrissjóður		4%	0,04 * 846.126 = **33.845**
Stéttarfélagsgjald		1%	0,01 * 846.126 = **8.461**
Staðgreiðsla skatta		36,94%	* = **216.572**
		Samtals frádráttarliðir:	**258.878**

* Útreikningur á staðgreiðslu

Staðgreiðslustofn er heildarlaun kr. **846.126** að frádregnu lífeyrissjóðsframlagi launþega kr. **33.845**. Staðgreiðslustofn verður því kr. **812.281**.

Af launum upp að kr. 498.122 reiknast 31,49% skattur (þrep 1) sem gerir kr. **156.858** og af launum umfram kr. 498.122 að kr. skattstofninum 846.126 reiknast 37,99% (skattþrep 2) sem gerir kr. **132.206**. Samanlagður skattur þennan mánuð er því kr. **289.064**.

Á móti kemur persónuafsláttur upp á kr. 72.492. Staðgreiðsla verður því kr. **216.572**.

Fjármálavit

VERKEFNI 3

Vextir og ávöxtun

Markmið

Að nemendur átti sig á samspili vaxta og tíma í sparnaði og lántöku.

Í KAFLANUM

I **Völundarhús vaxtanna** bls. 35
4 blaðsíður

II **Fjármálastjórinn** bls. 39
8 blaðsíður

Fjármálavit

II. VERKEFNI


Völundarhús vaxtanna

1	Farðu **rétta leið** gegnum völundarhús vaxta. **Sýndu útreikninga** þegar þú velur leið.
2	Skoðaðu **verkefnablaðið** og fylltu út vinnublaðið.
3	Vinnublað: **völundarhús vaxtanna.**

II. VERKEFNABLAÐ

Völundarhús vaxtanna


Athugið Sum boxin eru ekki notuð.



II. VINNUBLAÐ

Völundarhús vaxtanna

Athugið Sum boxin eru ekki notuð.




II. LAUSNIR

Völundarhús vaxtanna – lausnir

FORMÚLA V = H * P * d/360 (M/12)

LEIÐIN Bleika línan með örvum sýnir rétta leið (1–12)



Fjármálavit

VERKEFNI

Fjármálastjórinn

Þú hefur fengið það verkefni að geyma **eina milljón króna** sem söfnuðust í góðgerðarsöfnun í skólanum þínum í nokkra mánuði. Þér er annt um að góðgerðarstofnunin sem á að fá peningana fái **sem allra mesta ávöxtun**. Sem fjármálastjóri fjárfestir þú þessa fjármuni en verður að gera það innan þess ramma sem lýst er hér fyrir neðan.

FJÁRFESTINGARRAMMI

a. Íslensk hlutabréf skráð á markað

A.m.k. eitt fyrirtæki, hámark fimm fyrirtæki.

LÁGMARK
250.000 kr.

HÁMARK
500.000 kr.

b. Í erlendum hlutabréfum skráðum á S&P 500 vísitölunni

LÁGMARK
500.000 kr.

HÁMARK
500.000 kr.

c. Á bankareikning

LÁGMARK
0 kr.

HÁMARK
250.000 kr.

1. Vinnublað í Excel – **Fjármálastjórinn skil 1, skil 2, skil 3 og skil 4.**
2. Skráðu **umbeðnar upplýsingar** á verkefnablöðin.
3. Skilað til **kennara.**

Fáðu vinnublöð skil 1, 2, 3 og 4 hjá kennara.

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 1

1

Veldu þér **a.m.k. 1 fyrirtæki** á íslenska hlutabréfamarkaðnum og að hámarki 5. Þú ræður hversu mikið þú kaupir í hverju fyrirtæki en þú mátt ekki nota meira en **500.000 kr.** Ef þú notar minna getur þú sett afganginn á bankareikning.

2

Þegar þú hefur valið upphæð og fyrirtæki finnur þú gengið á því fyrirtæki á t.d. **keldan.is**. Segjum að þú ætlir að kaupa fyrir 100.000 í fyrirtæki A og að gengið á A sé 7 þá deilir þú 100.000 með sjö og færð út hversu marga hluti þú færð fyrir 100.000.

100.000 / 7 = 14.285,7 hlutir

3

Næst setur þú fjölda hluta og gengi í réttan reit í Excel-skjalið og þá ætti að birtast sjálfkrafa 100.000 í reitnum **Heildar virði**.

Þegar þetta er búið breytir þú reitnum **fyrirtæki 1** í nafnið á því fyrirtæki sem þú valdir.

4

Næst er komið að erlenda hlutanum. Þú velur eins og áður eitt til fimm fyrirtæki á listanum **S&P 500** sem er listi yfir 500 stærstu fyrirtæki sem skráð eru í Bandaríkjunum. Þú verður að byrja á því að vita hversu miklu þú vilt nota í einstakt fyrirtæki og deila með gengi dollars í þá upphæð, t.d. 100.000 deilt með 135 sem myndi gefa þér um 740 dollara. Því næst flettir þú upp genginu á fyrirtækinu sem þú vilt kaupa í og reiknar þannig út hversu marga hluti þú færð fyrir 740 dollara.

Það er hægt að nálgast gengi á þeim bréfum t.d. á slóðinni:
http://www.barchart.com/stocks/sp500.php.

Dæmi: Apple

Ef þú vilt kaupa fyrir 100.000 í Apple þá byrjar þú á því að sjá hvað þú færð marga dollara fyrir það með því að deila 100.000 með nýjasta gengi dollars, t.d.:

100.000 / 135 = 740,74 dollarar

Næst deilir þú 740,74 með nýjasta gengi Apple sem gæti verið 115. Þá liti dæmið svona út:

740,74 / 115 = 6,4 hlutir

Þú gætir keypt 6,4 hluti í Apple. Þá setur þú þessar upplýsingar í Excel-skjalið og ef allt er rétt gert kemur út tala mjög nálægt 100.000 í reitnum **Heildar virði**.

Til að fá topp einkunn

Til að fá topp einkunn verður allt að vera rétt gert og útskýringarnar fyrir því hvað var valið og hvers vegna verða að vera **sannfærandi**.

Fjármálavit

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 2

Nú eru liðnar nokkrar vikur síðan fjármunum góðgerðamálsins var ráðstafað og kominn tími til að skoða hver staðan á peningunum er.

1

Farðu í gamla skjalið sem þú sendir inn síðast og opnaðu flipann sem heitir **skil 2**. Settu inn í reitina sem heita **Fjöldi hluta** sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita **Gengi félags** og **Gengi dollars** átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við.

Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur.

> **A.t.h.** vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.

2

Reiknaðu út hversu mikið hver og ein fjárfesting hefur breyst (**hækkað eða lækkað**) í prósentum og heildarbreytingu í prósentum.

3

Finndu **a.m.k. þrjár fréttir** sem gætu útskýrt breytinguna á gengi hlutabréfanna sem þú valdir. Það mega vera innlendar eða erlendar fréttir eftir því sem við á. Settu vísun á vefslóð fréttar í útskýringarkassann.

4

Segðu frá því í ekki of löngu máli hvernig þú hefðir geymt peningana sem þú fékkst í september ef þú hefðir haft algerlega frjálsar hendur um ráðstöfun þeirra og hvers vegna. **Hefðir þú gert eitthvað öðruvísi? Hvað og af hverju?**

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 3

Nú er aftur liðinn nokkur tími síðan við tókum stöðuna á eignasafninu okkar og kominn tími til að skoða stöðuna aftur.

1

Farðu í gamla skjalið sem þú sendir inn síðast og opnaðu flipann sem heitir **skil 3**. Settu inn í reitina sem heita **Fjöldi hluta** sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita **Gengi félags** og **Gengi dollars** átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við.

Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur.

> **A.t.h.** vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.

2

Reiknaðu út hversu mikið hver og ein fjárfesting hefur breyst (**hækkað eða lækkað**) í prósentum og heildarbreytingu í prósentum.

3

Nú er ekki endilega víst að það sama fáist fyrir milljón í dag og hægt var að fá fyrir milljón síðastliðinn september. Vísitala neysluverðs var í september **xxx** stig en er í dag **xxx** stig.

Sem þýðir að verðlag hefur almennt hækkað um **xxx%** á sama tíma. Til að vita hversu mikil raunhækkun eða lækkun varð á peningunum sem við geymdum verður að reikna það út með jöfnunni:

Jafna

$$\text{Raunvextir} = ((1 + \text{nafnvextir}) / (1 + \text{verðbólga})) - 1$$

Notið Excel-forritið til að reikna út raunhækkun eða lækkun þar sem **nafnvextir** er hækkun eða lækkun frá upphafi og **verðbólga** er 0,14%.

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Skil 4

Nú er komið að síðustu skilum í þessu verkefni. Nú verður farið yfir hvað hefur breyst og hvað ekki.

1


Farðu í gamla skjalið sem þú sendir inn síðast og opnaðu flipann sem heitir **skil 4**. Settu inn í reitina sem heita **Fjöldi hluta** sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita **Gengi félags** og **Gengi dollars** átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við.


Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur.

> **A.t.h.** vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.

2

Nú átt þú að setja inn þær dagsetningar sem skilað var í fjóra reiti lóðrétt. Fyrst **dag**, svo **punkt**, svo **mánuð** og að lokum **ár**. Ef það stendur **Almennt** í reitnum efst þá eigið þið að breyta því í langa dagsetningu.





Ef myndin lítur út eins og þessi hægra megin, farið þá í hornið á bókstafnum og stækkið reitinn þangað til stafir og tölur birtast. Takið eftir að I-reiturinn vinstra megin er stærri en hægra megin.

3

Því næst setjið þið stöðuna sem var við hver skil þar sem fyrstu skil hjá öllum er **1.000.000**.


Dagsettning 1.	1.000.000
Dagsettning 2.	1.200.000
Dagsettning 3.	1.100.000
Dagsettning 4.	900.000

Takið eftir að reiturinn efst segir núna **Almennt** en ekki dagsetning.

4

Farið með músina efst vinstra megin og dragið bendilinn yfir allar tölurnar og dagsetningarnar, farið úr flipanum **Heim** í flipann **Setja inn**. Veljið svo **línurit** sem ykkur líkar vel við og setjið á síðuna.

Þá ætti þetta að líta einhvern veginn svona út:



Sett í möppu.

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Spurningar

Svaraðu þessum spurningum.

a **Hvað kom þér mest á óvart við gerð þessa verkefnis?**

b **Er skynsamlegt að geyma fjármuni annarra í minna en ár** eins og fyrirmæli verkefnisins gerðu kröfu um? (í innlendum og erlendum hlutabréfum) **Af hverju eða af hverju ekki?**

c Sagan segir að Júdas hafi fengið 30 silfurpeninga forðum daga fyrir að segja til Jesú. Ekki er nákvæmlega vitað hve þungir þessir peningar gætu hafa verið þótt fornleifauppgröftur frá þessum tíma gefi vísbendingar. Gefum okkur því þessar forsendur:

> **Forsendur**
>
> **30 peningar** úr silfri, hver **15 gr.** að þyngd. Silfursjóður ávaxtaður í **2000 ár** með **3,5% vöxtum**.

Hver væri þyngd sjóðsins í dag miðað við að ávöxtun hvers árs væri bætt við þyngd sjóðs um hver áramót?

(Þetta er reiknað eins og ef 10.000 kr. væru geymdar í banka á 3,5% vöxtum í 10 ár, þ.e. $10.000 \cdot 1{,}035^{10}$)

Er líklegt að svona ávöxtun geti staðist?

Sett í möppu.

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Matsviðmið

	A	B	C	D
Úrlausn	Verkefni leyst á skýran og greinargóðan hátt.	Verkefni leyst á skýran hátt.	Verkefni leyst á nokkuð skýran hátt.	Verkefni leyst á ófullnægjandi hátt.
Útreikningar	Útreikningar stærðfræðilega nákvæmir.	Útreikningar stærðfræðilega að mestu nákvæmir.	Útreikningar stærðfræðilega nokkuð réttir.	Útreikningar stærðfræðilega rangir.
Upplýsingar og ályktanir	Nauðsynlegra upplýsinga leitað og raunhæfar ályktanir dregnar af þeim gögnum.	Nauðsynlegra upplýsinga leitað og ályktanir dregnar af þeim gögnum.	Einhverra upplýsinga leitað og nokkrar ályktanir dregnar af þeim gögnum.	Nánast engra upplýsinga leitað og litlar ályktanir dregnar af þeim gögnum.
Aðrar leiðir til að geyma peningana	Sett fram skilmerkileg rök fyrir því hvernig geyma hefði mátt peningana á aðra vegu.	Sett fram rök fyrir því hvernig geyma hefði mátt peningana á aðra vegu.	Sett fram einhver rök fyrir því hvernig geyma hefði mátt peningana á aðra vegu.	Ekki sett fram rök fyrir því hvernig geyma hefði mátt peningana á aðra vegu.
Aukaspurning	Aukaspurningu gerð góð skil.	Aukaspurningu gerð nokkur skil.	Aukaspurningu ekki gerð skil.	Aukaspurningu ekki gerð nein skil.
Skil	Verkefni skilað á tilgreindan hátt.	Verkefni skilað á tilgreindan hátt.	Verkefni skilað en ekki á tilgreindan hátt.	Verkefni skilað en á afar ófullnægjandi hátt. Verkefni ekki skilað.

Fjármálavit

VERKEFNI 4

Lán og sparnaður

Markmið

Að kenna ungu fólki að umgangast lánaframboð á skynsaman hátt út frá þörfum og greiðslugetu og einblína meira á sparnað.

Í KAFLANUM

I **Að greiða niður skuldir**
5 blaðsíður
bls. 48

II **Að taka lán eða spara**
5 blaðsíður
bls. 53

Fjármálavit

VERKEFNI

Að greiða niður skuldir

1	Horfðu á **myndbönd um skyndilán** á Fjarmalavit.is
2	Vinnublað: **Að greiða niður skuldir.**
3	Veldu **persónu** á vinnublaðinu og hjálpaðu henni að greiða niður skuldir.

Á BLAÐINU ERU UPPLÝSINGAR UM

Laun	**Fastur kostnaður í hverjum mánuði**	**Áhugamál**	**Skuldastaða**

Verkefnið þitt er að hjálpa persónu þinni að **greiða niður skuldina**. Fyrst þarf að skoða hvernig hægt er að **draga úr eyðslu** í hverjum mánuði til að eiga fyrir afborgunum af skyndilánunum og greiða þau niður.

Hér er engin lausn réttari en önnur.

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 1

Að greiða niður skuldir



Aldur: 19 ára

Nafn: _____

Er í hlutastarfi með skóla – laun eftir skatt (á mánuði)	**140.000 kr.**
FASTUR KOSTNAÐUR Á MÁNUÐI	
Matur og skemmtun	**40.000 kr.**
Skyldutrygging á bíl	**20.000 kr.**
Bensín	**25.000 kr.**
Áskrift í ræktina	**8.000 kr.**
Eftirstöðvar	**+ 47.000 kr.**
Afborgun skyndilána	**59.600 kr.**
Eftirstöðvar	**– 12.600 kr.**

Einstaklingurinn þinn er í námi og tekur nokkrar vinnuvaktir í mánuði. Hann býr hjá foreldrum sínum og á gamla bíldruslu sem hann gæti selt fyrir mest 150.000 – 200.000 kr. Honum finnst gaman að skemmta sér með vinum sínum og hann á það til að eyða meiru en hann í raun hefur efni á.

Hann varð 18 ára fyrir ári síðan og þar með fjárráða, sem þýðir að þá getur hann tekið lán. Hann vill hafa það gott og þarf því að eiga fyrir ýmsu. En það er dýrt að lifa og því hefur hann tekið nokkur skyndilán til að geta gert það sem hann vill, enda segir hann þetta bara smáupphæðir sem ættu að vera lítið mál að greiða til baka þegar hann eignast meiri pening síðar. Það sem hann áttar sig hins vegar ekki á er að það er dýrt að taka lán og þegar borgað er til baka þá fylgir því töluverður kostnaður. Hann er því kominn í þá stöðu að vera í mínus um hver mánaðarmót og þarf að taka fleiri skyndilán til að ná endum saman. Nú vill hann hætta þessari vitleysu og greiða niður skuldina að fullu svo hann geti byrjað að spara.

SPURNINGAR · PERSÓNA 1

Að greiða niður skuldir



Nafn: _____

Hann þarf þína hjálp með að skoða hvernig hann getur greitt niður skuldir.

1 Hverju getur einstaklingurinn þinn breytt í eyðslu sinni til að lækka mánaðarlegan kostnað og hvað tekur það hann langan tíma (mánuði/ár) að vera ekki lengur í mínus um mánaðarmót?

2 Hjálpaðu honum að byrja að spara. Ef hann hefði ekki byrjað að taka lán fyrir ári síðan, heldur hefði byrjað að spara í hverjum mánuði, hvað hefði hann getað lagt mikið til hliðar í sparnaðinn á mánuði og hvað ætti hann mikið eftir árið?

Skoðaðu vextina á sparnaðarreikningum hjá bankanum þínum.

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 2

Að greiða niður skuldir



Aldur: 19 ára

Nafn: _____

Er í hlutastarfi – laun eftir skatt (á mánuði)	**120.000 kr.**
FASTUR KOSTNAÐUR Á MÁNUÐI	
Matur og skemmtun	**40.000 kr.**
Badminton	**7.000 kr.**
Ræktarkort	**8.000 kr.**
Fatnaður og annað	**25.000 kr.**
Eftirstöðvar	**+ 40.000 kr.**
Afborgun skyndilána	**51.000 kr.**
Eftirstöðvar	**– 11.000 kr.**

Persónan þín er í námi og býr hjá foreldrum sínum og æfir badminton af kappi. Henni finnst mjög gaman að kaupa föt og bækur. Hún á það til að splæsa á vini sína þegar þeir eru blankir og því er hún fljót að eyða peningunum sínum.

Hún varð 18 ára fyrir um ári síðan og þar með fjárráða, sem þýðir að hún getur tekið lán. Hún hefur á undanförnu ári tekið nokkur skyndilán til að redda málum þegar hún er blönk, enda segir hún þetta smáupphæðir sem ættu að vera lítið mál að greiða til baka. Það sem hún áttar sig hins vegar ekki á er að það er dýrt að taka lán og þegar borgað er til baka þá fylgir því töluverður kostnaður. Hún er því komin í þá stöðu að vera í mínus um mánaðarmót og þyrfti að taka fleiri skyndilán til að ná endum saman. Nú vill hún hætta þessari vitleysu og greiða niður skuldina að fullu og byrja að spara.

SPURNINGAR · PERSÓNA 2

Að greiða niður skuldir



Nafn: _____

Hún þarf þína hjálp með að skoða hvernig hún getur greitt niður skuldir.

1 Hverju getur persónan þín breytt í eyðslu sinni til að lækka mánaðarlegan kostnað og hvað tekur það hana langan tíma (mánuði/ár) að vera ekki lengur í mínus um mánaðarmót?

2 Hjálpaðu henni að byrja að spara. Ef hún hefði ekki byrjað að taka lán fyrir ári síðan, heldur hefði byrjað að spara í hverjum mánuði, hvað hefði hún getað lagt mikið til hliðar í sparnaðinn á mánuði og hvað ætti hún mikið eftir árið?

Skoðaðu vextina á sparnaðarreikningum hjá bankanum þínum.

Fjármálavit

VERKEFNI

Að taka lán eða spara

1	Veldu **persónu** á vinnublaði.
2	Vinnublað – **Að taka lán eða spara.**

Hér skoðar þú muninn á því að **taka lán fyrir einhverju** eða **bíða og safna fyrir því**.
Svaraðu spurningunum á blaðinu.

Taka lán
fyrir einhverju

Bíða og safna
fyrir því

Ábending

Hægt er að nota **lána- og sparnaðarreiknivélar** á vefsíðum bankanna.

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · BÍLL

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Kaupa bíl**

Persónan þín er **18 ára** og er við nám í framhaldsskóla sem hún klárar eftir eitt og hálft ár. Hún vinnur með skólanum og væri alveg til í að eiga bíl til að komast á milli staða. Hún fær **100.000 kr.** í laun á mánuði eftir skatt og inn á sparnaðarreikningi á hún **600.000 kr.** sem hún ætlar að nota í bílakaupin. Bíllinn sem hún hefur skoðað kostar **1.400.000 kr.** og hún getur annað hvort tekið lán fyrir þeim **800.000 kr.** sem vantar upp á og keypt bílinn strax, eða verið þolinmóð og safnað fyrir því sem vantar upp á.

Verkefnið ykkar er að skoða tvo eftirfarandi kosti og ræða. Notið reiknivélar á vefjum bankanna (lán og sparnaður) eða á vef Fjármálavits. **Það er engin ein rétt lausn við þessu verkefni. Markmiðið er að ræða niðurstöður.**

Nafn: _____

1 Óverðtryggt lán, 800.000 kr.

Lánstími **3 ár** · Vextir **um 12%**

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits: „lán, verðtryggt/óverðtryggt“.

Skoðið eftirfarandi og ræðið.

Heildarupphæð til greiðslu

Heildarlántökukostnað

Meðalgreiðslu á mánuði

ÁHK* (árleg hlutfallstala kostnaðar)

Mánaðargreiðslu af láninu að meðaltali

2 Mánaðarlegur sparnaður

Vextir **um 8%**

Sjá t.d. reiknivél: „framtíðarvirði upphæðar“.

Hún leggur mánaðarlega inn á sparnaðarreikning jafn mikið og hún myndi greiða mánaðarlega af láninu í lið 1. Hún á þegar 600.000 kr. á þeim reikningi.

Skoðið og ræðið eftirfarandi:

Hvað tæki það hana langan tíma að ná upp í 1.400.000 kr.?

Hver er heildarávöxtunin á tímabilinu?

Berið saman heildarkostnaðinn við að taka lánið og ávöxtunina við að spara og ræðið hvað þið mynduð gera.

* *ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*

VINNUBLAÐ · SÍMI

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Nýr sími á 179.990 kr. eða á 194.990 kr.**

Einstaklingurinn þinn er **17 ára** og stundar nám í menntaskóla. Hann á gamlan síma og langar að kaupa sér nýjan. Hann er búinn að velta fyrir sér símategundum og er kominn með tvo sem honum líst best á. Hann á hins vegar ekki fyrir símanum og skoðar nú möguleika á að skipta greiðslunum.

	1 Sími A kostar 179.990 kr.		2 Sími B kostar 194.990 kr.	
	a. 18 mánuðir	b. 24 mánuðir	a. 18 mánuðir	b. 24 mánuðir
Heildargreiðsla	198.270 kr.	194.760 kr.	216.270 kr.	223.560 kr.
ÁHK*	14,79%	14,27%	14,22%	14,35%
Mánaðarleg greiðsla	10.190 kr.	7.790 kr.	11.690 kr.	8.990 kr.
Kostnaður	28.370 kr.	24.770 kr.	21.280 kr.	28.570 kr.

Nafn: _____

1 Hvaða tilboð ber hæstan hlutfallslegan kostnað á ári?

2 Hvaða tilboð myndir þú taka?

3 Af hverju?

** ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*

VINNUBLAÐ · BÍLL

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Kaupa bíl á 1.000.000 kr.**

Á sparnaðarreikningi eru **400.000 kr.** og það vantar **600.000 kr.**. Notið almenna reiknivél fyrir lán til að skoða kostnaðinn við það að taka óverðtryggt lán í banka til þriggja ára fyrir því sem upp á vantar til að geta fengið bílinn strax.

Nafn: _____

1 Lán

Upphæð láns **600.000 kr.** · Jafnar afborganir

Lánstími **3 ár (36 mánuðir)** · Vextir **um 12%**

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits: „lán, verðtryggt/óverðtryggt“.

1 Hver verður afborgun á mánuði?

2 Hver verður heildar upphæð til greiðslu?

3 Hversu há er ÁHK*?

2 Sparnaður

Vextir **um 8%** · Sparnaðartími **3 ár (36 mánuðir)**

Sjá t.d. reiknivél á vef Fjármálavits: „reglulegur sparnaður“.

Ef hún safnar fyrir bílnum og sparar jafn mikið á mánuði og hún myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, hvað verður það orðin há upphæð eftir 3 ár?

4 Hvað mynduð þið gera í hennar sporum? Ræðið.

Það er engin ein lausn við þessu verkefni. Markmiðið er að skoða kostnað við lántöku, bera það saman við ávöxtun af sparnaði og ræða.

** ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · HEIMSREISA

Að taka lán eða spara



MARKMIÐ **Heimsreisa**

Hann á **200.000 kr.** og vantar **1.000.000 kr.**

Nafn: _____

A Taka lán

Vill fara strax og taka lán upp á eina milljón fyrir ferðinni. Hvað þarf hann að greiða af láninu á mánuði í tvö ár og hver er heildarupphæðin sem hann greiðir til baka?

Notaðu lánareiknivél.

Upphæð láns **1.000.000 kr.** · Lánstími **2 ár (24 mán.)**

Óverðtryggt lán · Jafnar afborganir · Vextir **um 12%**

1 Hver verður afborgun á mánuði?

2 Hver verður heildar upphæð til greiðslu?

3 Hversu há er ÁHK*?

B Spara

Hann ætlar að vinna og eiga fyrir heimsreisunni. Ef hann safnar og sparar jafn mikið á mánuði og hann myndi greiða af láninu á mánuði í spurningu 1, hvað er hann lengi að safna því sem upp á vantar (1.000.000 kr.)? Mundu að hann á 200.000 kr.

Notaðu sparnaðarreikni.

Vextir **um 8%**

4 Hvað mynduð þið gera í hans sporum?

5 Af hverju? Ræðið.

* *ÁHK gefur til kynna heildarkostnað við lántöku. Prósentutalan segir til um hve stór hluti árlegra greiðslna af láninu fer í vexti og kostnað.*

Fjármálavit

VERKEFNI 5

Markmið og sparnaður

Markmið

Að nemendur hugsi um eigin fjármál, þekki hugtök í fjármálum og tileinki sér framtíðarhugsun með sparnað og fyrirhyggju að leiðarljósi.

Í KAFLANUM

I — Að setja sér markmið — 14 blaðsíður — bls. 59

II — Sparnaðaráætlunin mín — 1 blaðsíða — bls. 73

III — Traust fjármál — 11 blaðsíður — bls. 74

IV — Hugtakaleikur — 3 blaðsíður — bls. 85

Fjármálavit

VERKEFNI

Að setja sér markmið

Verkefnið er hugsað sem **hópavinna** en það virkar einnig sem **einstaklingsverkefni**.

1	Vinnublað: **Að setja sér markmið.**
2	Veldu þér **eina persónu** á vinnublaðinu og dragðu **markmiðamiða**.
3	Byrjaðu á **sparnaðaráætlun** fyrir persónuna.
4	Dragðu **óvænta uppákomu**.
5	Kynntu **áætlunina** fyrir öðrum nemendum.

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 1

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á einstaklinginn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.



Aldur: 16 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Vinna með skóla: _____

Laun eftir skatt: _____

Fastur kostnaður á mánuði:

- Áskrift í ræktina = _____

Markmið: _____

Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir handbolta fimm sinnum í viku og fer einnig reglulega í ræktina. Hann vinnur með skólanum til að geta notið lífsins og fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur einnig oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott. Hann flutti nýlega úr sínu gamla hverfi og þarf því að ferðast á milli með strætó. Foreldrar hans greiða æfingagjöldin fyrir handboltann en sjálfur greiðir hann fyrir strætókort þar sem hann neitaði að fara í skóla í nýja hverfinu.

Hann hefur sett sér markmið sem hann þarf að safna fyrir, en það er erfitt að safna peningum þegar freistingarnar eru víða. Til að ná markmiðinu þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði. Hann á 400.000 kr. inn á framtíðarreikningi sem hann getur tekið út þegar hann verður 18 ára.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir mánaðarlega þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði/ár þar til markmiðinu er náð.

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 1

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hann til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hann?

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 2

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á stelpuna ykkar, í hvaða skóla hún er og hvar hún vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.



Aldur: 17 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Vinna með skóla: _____

Laun eftir skatt: _____

Fastur kostnaður á mánuði:

- Tryggingar á bíl **= 20.000 kr.**

Markmið: _____

Persónan ykkar er á öðru ári í framhaldsskóla og býr í Breiðholti. Hún á gamlan smábíl sem hún fékk frá foreldrum sínum á 17 ára afmælinu og greiðir sjálf fyrir bílatryggingu og bensín. Henni finnst dálítið dýrt að reka bílinn auk þess sem hún óttast að bíllinn fari bráðlega að bila og að þá eigi hún ekki fyrir viðgerð. Hún æfir badminton 4 sinnum í viku sem foreldrar hennar greiða fyrir. Hún fer í keppnisferðir einu sinni á ári sem hún borgar sjálf. Henni finnst fátt skemmtilegra en að versla alls konar dót á netinu.

Hún hefur sett sér markmið sem hún þarf að safna fyrir. Til að ná því ætlar hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiði er náð.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hún þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún á mikið eftir þegar hún hefur greitt fastan kostnað.
- Hversu miklu hún eyðir í mat, bensín og aðrar nauðsynjar.
- Að ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.
- Að meðalkostnaður á bensíni er um 15 – 20.000 kr. á mánuði.
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði.

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 2

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hana til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hún?

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 3

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á stelpuna ykkar, í hvaða skóla hún er og hvar hún vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.



Aldur: 16 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Atvinna: _____

Engin laun

Kostnaður á mánuði:

- Skyndibiti og önnur afþreying = ____

Markmið: _____

Persónan ykkar er í 10. bekk, elskar tölvuleiki og hefur eytt miklum peningum í þá síðustu árin. Hún er mikill áhugamaður um myndlist og væri alveg til í námskeið sem kostar allt að 90.000 kr. á ári en þar sem hún er ekki í vinnu hefur hún ekki efni á því. Flestir vinir hennar vinna eitthvað með skólanum en hún ákvað að gera það ekki og hefur 200.000 kr. sem eftir eru af sumarlaununum til að nota yfir vetrarmánuðina (9 mánuði). Hún er hins vegar alltaf blönk og getur leyft sér lítið og væri alveg til í að skoða einhverja vinnu sem gefur henni um 60 – 80.000 kr. á mánuði eftir skatt.

Hún hefur sett sér markmið sem hún vill byrja að safna fyrir. Til að ná því þarf hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Upphæð sem hún þarf að safna fyrir til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Hvernig hún getur safnað upp sparnaði þegar hún er ekki í vinnu. Hvað getur hún gert?
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði eða ár.
- Ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.

Fjármálavit

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 3

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hana til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hún?

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 4

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á einstaklinginn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.



Aldur: 17 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Vinna með skóla: _____

Laun eftir skatt: _____

Fastur kostnaður á mánuði:

- Trygging á bíl **= 18.000 kr.**
- Áskrift að sjónvarpi Símans = _____

Markmið: _____

Einstaklingurinn ykkar er í námi, er með algjöra bíladellu og finnst fátt skemmtilegra en að hjálpa frænda sínum á verkstæðinu við að gera upp gamla bíla. Hann var svo heppinn í fyrra að eignast gamlan ónothæfan bíl sem hann og frændi gerðu upp saman. Hann fer oft á rúntinn með kærustuna en finnst leiðinlegt hvað býllinn eyðir miklu bensíni. Hann er með aðra dellu sem eru sjónvarpsseríur en hann elskar að slaka á með kærustunni og horfa á marga þætti í einu. Foreldrar hans vilja helst að hann eyði tímanum í eitthvað uppbyggilegra og láta hann greiða sjálfan fyrir auka áskrift.

Hann hefur sett sér markmið sem hann vill byrja að safna fyrir. Til að ná því þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að meðalkostnaður á bensíni er 15 – 20.000 kr. á mánuði.
- Ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði þar til markmiðinu er náð.

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 4

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hann til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hann?

Annað

DÆMI UM VERKEFNI OG LAUSN NEMENDA

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á einstaklinginn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.



Aldur: 16 ára.

Nafn: *Sigþór*

Skóli: *Vættaskóli*

Vinna með skóla:

Laun eftir skatt: *400.000 kr.*

Fastur kostnaður á mánuði:

- Áskrift í ræktina: **8.000 kr.**

Markmið: *Heimsreisa*

Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir handbolta fimm sinnum í viku og fer einnig reglulega í ræktina. Hann vinnur meðfram skólanum til að geta notið lífsins og fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott. Hann flutti nýlega úr sínu gamla hverfi og þarf því að ferðast mikið með strætó. Foreldrar hans greiða æfingagjöldin fyrir handboltann en sjálfur greiðir hann fyrir strætókort þar sem hann neitaði að fara í skóla í nýja hverfinu.

Hann hefur sett sér markmið sem hann þarf að safna fyrir, en það er erfitt að safna peningum þegar freistingarnar eru víða. Til að ná markmiðinu þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði. Hann á 400.000 kr. inn á framtíðarreikningi sem eru lausar til úttektar þegar hann verður 18 ára.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir mánaðarlega þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að ein strætóferð kostar 285 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 46.500 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði/ár þar til markmiðinu er náð.

Fjármálavit

DÆMI UM ÁÆTLUN NEMENDA

Að setja sér markmið

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hann til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun – dæmi um áætlun nemenda

Á MÁNUÐI	
Laun eftir skatt	***200.000 kr.***
Fastur kostnaður	***8.000 kr.***
ANNAR KOSTNAÐUR	
Matur	***40.000 kr.***
Skemmtanir	***20.000 kr.***
Fatnaður og annað	***10.000 kr.***
ANNAÐ	
Óvænt uppákoma	***35.000 kr.***
Eftir stendur	***87.000 kr.***

MARKMIÐ Heimsreisa sem kostar **1.500.000 kr.**

* Hér er hægt að gera ýmsar útfærslur og um að gera að hvetja nemendur til að horfa út fyrir boxið við gerð áætlunarinnar.

1 **Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?**

Hann ætlar ekki að taka út sparnaðinn sem hann á nú þegar til að fara í heimsreisu, heldur leggja fyrir á mánuði í sérstakan ferðasjóð. Það tekur hann sex til sjö mánuði að safna fyrir heimsreisunni með því að leggja til hliðar 25.000 kr. á mánuði inn á ferðasjóðinn.

2 **Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu?** **Ef svo er, hverju breytir hann?**

Ekki finnst okkur það 😊

FYLGISKJAL · AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ

Markmiðamiðar

Klippið miðana út. Hver hópur dregur einn markmiðamiða.

Æfingaferð til útlanda	**Bíll**
Íbúð *eiga sem mest fyrir fyrstu útborgun*	**Nýr sími af bestu gerð**
Góð tölva fyrir skólann	**Stofna netfyrirtæki með flotta vefsíðu**
Heimsreisa	**Rafmagnshjól af bestu gerð**
Labrador hvolpur	**Trommusett af bestu gerð**

FYLGISKJAL · AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ

Óvæntar uppákomur

Klippið miðana út. Hver hópur dregur einn miða og ákveður hvernig hann bregst við.

1. Nýja tölvan þín datt í gólfið og er ónýt. Sambærileg tölva kostar **200.000 krónur**.

2. Þú varst að synda kafsund í innilauginni í Laugardalslaug og braust tvær framtennur. Kostnaður við viðgerð er **50.000 krónur**.

3. Þú varst á glænýja bílnum þínum og sendir snapp undir stýri með þeim afleiðingum að þú keyrðir á bílinn fyrir framan þig og stuðarinn á þínum bíl beyglaðist. Þetta kostaði þig **300.000 kr.**

4. Skjárinn á nýja símanum þínum brotnaði þegar hundurinn þinn hoppaði upp á þig þegar þú komst heim úr skólanum. Viðgerð á skjá kostar **30.000 krónur**.

5. Þú leyfðir vini þínum að sækja vinkonu sína á bíl foreldra þinna. Á leiðinni rann bíllinn í hálkunni utan í vegg og rispaðist. Viðgerð kostar **400.000 krónur**.

6. Vinur þinn fékk lánaða vespuna þína og endaði á því að klessa á ljósastaur. Viðgerð kostar **100.000 kr.**

7. Hundurinn þinn sem þú keyptir dýru verði í fyrra er veikur. Þar sem þú hefur ekki tryggt hundinn þarft þú að greiða **150.000 kr.** í lækniskostnað.

8. Nýlegu hjóli þínu var stolið fyrir utan skólann. Þú ferð allra þinna ferða á hjólinu og ert mjög svekkt/svekktur. Sambærilegt hjól kostar **180.000 kr.**

9. Nýju úlpunni þinni, með gemsann í vasanum, var stolið í fatahenginu í íþróttahúsinu. Þú ert miður þín.

10. Þú gleymdir símanum í sætisvasanum í flugvélinni. Síminn fannst ekki.

11. Þú lánaðir félaga þínum **40.000 kr.** Hann hefur ekki greitt þér til baka eins og til stóð og veit ekki hvernig eða hvenær hann getur það. Þú ert búinn að tapa peningunum.

12. Þú pantaðir 500 boli á netinu sem þú ætlar að selja hér heima. Til að geta það fékkst þú lán hjá eldri systur þinni upp á **100.000 kr.** Bolirnir skiluðu sér ekki og þarft þú að greiða henni allt til baka.

13. Þú varst valinn starfsmaður mánaðarins og færð **50.000 krónur** og gjafabréf út að borða fyrir tvo.

14. Barnlaus frændi þinn lést og þú erfðir gamalt frímerkjasafn og **60.000 krónur**.

FYLGISKJAL · FYRIR KENNARA

Umræðupunktar með uppákomum

UPPÁKOMA 1

Tölvan er tryggð í heimilistryggingu. Þú borgar eigin áhættu, um 20.000 kr. og færð restina bætta (viðgerð/ný tölva).

UPPÁKOMA 2

Heimilistrygging foreldranna bætir þetta. Munurinn er að ef þú slasar þig þá þarft þú venjulega ekki að greiða eigin áhættu, en ef þú skemmir eigur þínar, þá er eigin áhætta.

UPPÁKOMA 3

Skyldutryggingin þín sér um tjónið á hinum bílnum. Ef þú ert með Kaskótryggingu, þá færð þú tjónið á þínum bíl bætt, ef ekki, þá borgar þú það sjálfur. Eigin áhætta getur verið há eða um 100.000 kr. og þá færð þú restina bætta.

UPPÁKOMA 4

Tjón af völdum gæludýra er ekki í heimilistryggingu og er því ekki bætt.

UPPÁKOMA 5

Eigandi ökutækisins, foreldrar þínir, eru ábyrgir og þurfa að greiða. Ef hann er kaskótryggður þá er eigin áhætta um 100.000 kr. og restin er tryggð. Ef ekki í kaskó, þá þurfa þeir að greiða allt.

UPPÁKOMA 6

Vespur eru ekki alltaf í heimilistryggingu og gæti verið gott að hafa tryggt vespuna sér.

UPPÁKOMA 7

Hundurinn er ekki í heimilistryggingu þar sem hann er ekki manneskja. Heilræðið er að tryggja hundinn sérstaklega með gæludýratryggingu (um 20.000 kr. á ári).

UPPÁKOMA 8

Ef hjólið var ekki læst, þá fæst það ekki bætt. Ef það var vel læst, þá fellur það undir heimilistrygginguna. Hafa þarf í huga sjálfsábyrgð.

UPPÁKOMA 9

Ef þú ert í grunnskóla þá fellur þetta undir heimilistryggingu hjá foreldrum.

UPPÁKOMA 10

Ef þú gleymir eða týnir hlut þá færð þú það ekki bætt.

Fjármálavit

VERKEFNI

Sparnaðaráætlunin mín

1	Settu þér **markmið** um eitthvað sem þú vilt eignast eða gera.
2	Gerðu einfalda **sparnaðaráætlun** og skoðaðu hvernig þú nærð að spara fyrir markmiðinu og hvenær þú nærð því.

Fjármálavit

VERKEFNI

Traust fjármál

1	Dragið eitt eða fleiri **hugtök**.
2	Útskýrið með því að **svara spurningum** sem fylgja. Skráið á **A4 blað** eða á **stórt spjald**.
3	**Kynnið hugtakið** fyrir bekkjarfélögunum.

TRAUST FJÁRMÁL · 1 AF 2

Hugtakamiðar

Klippið miðana út. Leiðbeinandi dreifir einu hugtaki á hvern hóp.

Skattur

1. Hvað er skattur?
2. Hvað eru tekjuskattur og útsvar?
3. Hvað er virðisaukaskattur?
4. Hvað er persónuafsláttur?

Lífeyrissjóður

1. Af hverju greiðir fólk í lífeyrissjóð?
2. Hverjir greiða í lífeyrissjóð og hversu mikið greiða þeir af launum sínum í hverjum mánuði?
3. Hverjir eiga peninginn sem kemur í lífeyrissjóðinn?
4. Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?

Vextir

1. Hvað eru vextir?
2. Af hverju eru vextir?
3. Hver er munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum?
4. Hvað eru dráttarvextir?

Greiðslukort

1. Hvað er greiðslukort?
2. Útskýrðu muninn á debetkorti og kreditkorti.
3. Hvað ber helst að varast þegar greitt er með korti á netinu?

TRAUST FJÁRMÁL · 2 AF 2

Hugtakamiðar

Klippið miðana út. Leiðbeinandi dreifir einu hugtaki á hvern hóp.

Stéttarfélag

1. Hvað eru stéttarfélög og hvert er hlutverk þeirra?
2. Hvað eru félagsgjöld oftast há og er skylda að greiða þau?
3. Hvað heita heildarsamtök stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði á Íslandi?
4. Nefnið nokkur stéttarfélög.

Tryggingar

1. Af hverju getur borgað sig að tryggja verðmæti?
2. Segið frá helstu tryggingum á húsnæði og hvað þær tryggja helst (bruna- og heimilistrygging).
3. Af hverju tryggjum við bílinn með ábyrgðartryggingu? Hvað felst í henni?
4. Nefnið eina til tvær aðrar tegundir trygginga.
5. Hvað gerist ef t.d. síminn ykkar eyðileggst?

Laun

1. Hvað er launaseðill?
2. Hver er munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?
3. Hvað þýðir að vera með jafnaðarkaup?
4. Hvað eru rauðir dagar/stórhátíðardagar?
5. Hver er munurinn á launþega og verktaka?

Orlof

1. Hvað er orlof?
2. Hvernig er orlof reiknað?
3. Hvað er orlofsuppbót?
4. Hvað er desemberuppbót?

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 1 AF 8

Skattur

Nafn / hópur: _____

1 Hvað er skattur?

2 Hvað eru tekjuskattur og útsvar?

3 Hvað er virðisaukaskattur?

4 Hvað er persónuafsláttur?

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 2 AF 8

Lífeyrissjóður

Nafn / hópur: _____

1 Af hverju greiðir fólk í lífeyrissjóð?

2 Hverjir greiða í lífeyrissjóð og hversu mikið greiða þeir af launum sínum í hverjum mánuði?

3 Hverjir eiga peninginn sem kemur í lífeyrissjóðinn?

4 Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 3 AF 8

Vextir

Nafn / hópur: _____

1 Hvað eru vextir?

2 Af hverju eru vextir?

3 Hver er munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum?

4 Hvað eru dráttarvextir?

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 4 AF 8

Greiðslukort

Nafn / hópur: _____

1 Hvað er greiðslukort?

2 Útskýrðu muninn á debetkorti og kreditkorti.

3 Hvað ber helst að varast þegar greitt er með korti á netinu?

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 5 AF 8

Stéttarfélag

Nafn / hópur: _____

1 Hvað eru stéttarfélög og hvert er hlutverk þeirra?

2 Hvað eru félagsgjöld oftast há og er skylda að greiða þau?

3 Hvað heita heildarsamtök stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði á Íslandi?

4 Nefnið nokkur stéttarfélög.

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 6 AF 8

Tryggingar

Nafn / hópur: _____

1 Af hverju getur borgað sig að tryggja verðmæti?

2 Segið frá helstu tryggingum á húsnæði og hvað þær tryggja helst (bruna- og heimilistrygging).

3 Af hverju tryggjum við bílinn með ábyrgðartryggingu? Hvað felst í henni?

4 Nefnið eina til tvær aðrar tegundir trygginga.

5 Hvað gerist ef t.d. síminn ykkar eyðileggst?

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 7 AF 8

Laun

Nafn / hópur: _____

1 Hvað er launaseðill?

2 Hver er munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?

3 Hvað þýðir að vera með jafnaðarkaup?

4 Hvað eru rauðir dagar/stórhátíðardagar?

5 Hver er munurinn á launþega og verktaka?

HUGTÖK UM FJÁRMÁL · 8 AF 8

Orlof

Nafn / hópur: _____

1 Hvað er orlof?

2 Hvernig er orlof reiknað?

3 Hvað er orlofsuppbót?

4 Hvað er desemberuppbót?

VIÐAUKI 2

Orðaleikur, 20 mínútur

Leiðbeinendur geta valið að halda áfram að vinna með hugtök tengd fjármálum með þessum leik og tengja við fyrra verkefnið. Verkefnið er í formi orðaleiks og virkar eins og Alíasspil. Á næstu síðum eru miðar með orðum til að klippa út.

Lýsing

Lengd leiksins með umræðum er **20 mínútur**. Áætlaður tími er til viðmiðunar fyrir leiðbeinanda. Sjá nánar um undirbúning og hjálpargögn hér að framan.

Nemendur þekkja flestir Alías spilið og á því ekki að vera erfitt fyrir leiðbeinanda að útskýra leikinn.

1	Þetta verkefni gengur út á það að **útskýra orð með öðrum orðum**. Kennari segir nemendum að öll orðin í leiknum snúi að fjármálum.
2	Nemendum er skipt í **tvö lið þar sem einn úr hvoru liði kemur upp að töflu og fær tvær mínútur til að útskýra sem flest hugtök fyrir sínu liði. Eftir því sem tíminn leyfir geta fleiri fengið að spreyta sig í hvoru liðinu.**
3	Sá sem útskýrir reynir að gera það **án þess að segja orðið sjálft**. Hann má nota vísbendingar, samheiti og andheiti. Það má ekki nota látbragð.
4	Þau orð sem liðin geta ekki útskýrt fara í sér „**ruslbunka**“. Svona gengur þetta fyrir sig í 10 – 15 mínútur.

Dæmi

Vasapeningur. *„Þetta er samsett orð! Það sem er á buxum, framaná og aftaná, og það sem við borgum með.“*

Umræður

Í lokin safnar kennari saman „ruslmiðunum“ og fer yfir með nemendum.

Fjármálavit

VIÐAUKI 2 · ORÐALEIKUR

Miðar fyrir orðaleik


Klippið miðana út. Annar í liði dregur miða og útskýrir orðið án þess að segja það.

Vinnuveitandi	Debetkort	Króna	Dagvinna
Desemberuppbót	Markmið	Fjárráða	Kvittun
Gengi	Greiðslukort	PIN	Kjarasamningur
Lántaki	Lánveitandi	Lán	Laun
Launþegi	Launaseðill	Lífeyrissjóður	Meðmæli
Námslán	Kreditkort	Heimilistrygging	Orlof
Smálán	Skattur	Hlutabréf	Íbúðalán
Bílalán	Sparnaður	Trygging	Tímakaup
Verðbólga	Verðhjöðnun	Vextir	Smálán

Hraðbanki	Inneign	Klink	Kostnaður
Króna	Kvittun	Markmið	Netbanki
Neytandi	Ráðgjöf	Banki	Bókhald
Endurgreiðsla	Vasapeningur	Gjaldeyrir	Peningaseðill
Gjaldkeri	Raðgreiðsla	Bankareikningur	Afskriftir
Ávöxtun	Brunatrygging	Gjaldþrot	Gjalddagi
Heimilisbókhald	Seðlabanki	Yfirdráttur	Millifæra
Hagnaður	Tap	Varasjóður	Framtíðarreikningur

6. Fyrstu skref í fjármálum – spurningar úr bók.

Svör við spurningunum má finna í stuðningsefni á vef Fjármálavits. Vakin er athygli á því að á vefsíðunni eru að auki fjölmargar rafrænar spurningar á Quizizz formi sem hægt er að leggja fyrir nemendur.



Kafli I. UPPRUNI OG RÁÐSTÖFUN VERÐMÆTA

1. Hver er munur a heildarlaunum og útborguðum launum? Hvaða frádráttarliðir dragast yfirleitt frá launum?

Heildarlaun eru laun fyrir frádráttarliði sem dragast frá launum áður en þau eru greidd út. Áður en launin eru greidd út dregur atvinnurekandi iðgjald launþega frá launum sem hann greiðir í lífeyris-sjóð og einnig iðgjald til viðbótarlífeyrissparnaðar ef við á. Þegar búið er að draga lífeyrissparnað frá launum reiknar atvinnurekandi tekjuskatt og greiðir skattinn til ríkisins. Í sumum tilvikum dregur atvinnurekandi félagsgjald til stéttarfélags frá launum og greiðir til viðkomandi félags.

2. Hvað eru ráðstöfunartekjur?

Laun að frádregnum sköttum og öðrum gjöldum eru kölluð ráðstöfunartekjur.
Eins og nafnið bendir til eru það tekjur sem launamaður fær útborgað og getur ráðstafað til að kaupa nauðsynjar (matur, hreinlætisvörur, föt, samgöngur, húsnæði, o.fl.) og í sparnað eða eignir.

3. Hvernig ákvarðast laun?

Laun eru samningsatriði á milli launþega og atvinnurekenda. Oftast eru launin ákveðin í kjarasamningum stéttarfélags launþega og samtaka atvinnurekanda. Kjarasamningur er samningur um lágmarkslaun og er óheimilt að semja um lægri laun.

4. Mega unglingar vinna með skóla? Hvaða reglur gilda um vinnu barna og unglinga undir 18 ára aldri?

Almenna reglan er sú að ekki má ráða börn í vinnu 14 ára og yngri sem eru í skyldunámi eða í grunn-skóla. Á þeirri reglu eru þó undantekningar, m.a. að börn sem náð hafa 14 ára aldri má ráða til léttari starfa og börn sem náð hafa 13 ára aldri má ráða til léttari starfa í takmarkaðan stundafjölda, svo sem léttari garðyrkju- og þjónustustörf eða önnur hliðstæð störf. Það má ráða unglinga á aldrinum 15 til 18 ára sem eru ekki lengur í skyldunámi í vinnu, nema um sé að ræða störf sem eru of erfið fyrir þau líkamlega eða andlega.

5. Hvenær verða einstaklingar fjárráða? Hvað þýðir það?

Einstaklingar verða samkvæmt lögum fjárráða 18 ára en eftir það ráða þeir einir fé sínu. Fjárræði þýðir að einstaklingar hafa forræði og bera fulla ábyrgð á fjármálum sínum.

6. Nefndu að minnsta kosti fimm atriði sem koma fram i ráðningarsamningi.

Aðilar samnings (launagreiðandi, launþegi), starf sem samið er um, starfstími ráðningartímabil, laun.

7. Hvaða skattur er dreginn af atvinnutekjum einstaklinga?

Tekjuskattur er skattur á atvinnutekjur einstaklinga og fyrirtækja. Tekjuskattur samanstendur af skatti til ríkisins og útsvari til þess sveitarfélags sem einstaklingur er búsettur í.

8. Hvað er persónuafslattur? Hvað þýðir að eiga ónýttan persónuafslatt?

Áður en tekjuskattur er reiknaður dregst persónuafsláttur frá launum sem er skattaafsláttur sem allir fá og tryggir að laun upp að ákveðnu marki eru skattfrjáls. Persónuafsláttur er föst krónutala sem ákveðin er fyrir hvert ár. Persónuafsláttur safnast upp á árinu og ef einstaklingar vinna ekki allt árið nýtist afslátturinn samt allt árið.

9. Til hvers greiða einstaklingar i lífeyrissjóð?

Tilgangurinn er að safna upp sjóði til að greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævinni lýkur. Lífeyrissjóðir greiða einnig örorkulífeyri ef sjóðfélagar verða óvinnufærir og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

10. Hvað er greiðslukort? Hver er munur a debet- og kreditkortum?

Greiðslukort eru annað hvort eru debetkort eða kreditkort. Ef einstaklingur notar debetkort er fjárhæð millifærð beint af bankareikningi hans. Ef einstaklingur greiðir hins vegar með kreditkorti stofnast skuld hjá honum við kortafyrirtæki, sem greiðir umsamda fjárhæð til seljanda vöru eða þjónustu, en innheimtir síðan greiðsluna frá einstaklingnum í næsta mánuði eða á næsta greiðslutímabili.

Kafli II. Eignir og lán (skuldir)

1. **Hvað eru vextir?**

   Vextir eru leigan sem lántaki greiðir eiganda fyrir peningana. Þegar einstaklingur leggur peninga í banka greiðir bankinn einstaklingnum vexti á meðan bankinn geymir peningana.

2. **Hvað eru innlánsvextir og útlánsvextir?**

   Sá sem leggur peninga inn á reikning í banka fær greidda vexti (innlánsvexti) fyrir að geyma þá í bankanum. Bankinn lánar síðan peningana til einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana og fær greidda vexti (útlánsvexti) fyrir lánsféð. Útlánsvextir eru yfirleitt hærri en innlánsvextir en þannig myndast tekjur hjá bankanum. Mismunur á innláns- og útlánsvöxtum er kallaður vaxtamunur.

3. **Hvaða áhrif hefur binditími a vexti innlánsreikninga?**

   Að jafnaði er hægt að fá hærri vexti eftir því sem einstaklingur er tilbúinn að festa eða geyma peningana lengur. 4. Hver eru fjögur helstu sparnaðarform fyrir einstaklinga og hverjir eru helstu eiginleikar hvers teirra? Bankareikningar eru algengasta sparnaðarformið og skiptast í veltureikninga og sparireikninga. Flestir kaupa íbúðarhúsnæði til að búa í. Verðbréf eru heppileg fyrir sparnað til langs tíma. Verðbréf eru annaðhvort skuldabréf eða hlutabréf.

4. **Hver eru fjögur helstu sparnaðarform fyrir einstaklinga og hverjir eru helstu eiginleikar hvers teirra?**

Bankareikningar eru algengasta sparnaðarformið og skiptast í veltureikninga og sparireikninga. Flestir kaupa íbúðarhúsnæði til að búa í. Verðbréf eru heppileg fyrir sparnað til langs tíma. Verðbréf eru annaðhvort skuldabréf eða hlutabréf.

5. **Hvað eru margir vaxtadagar á ári?**

   Á Íslandi er yfirleitt notast við þá venju að telja 30 vaxtadaga í mánuði og 360 daga í ári. Í febrúar er 28. febrúar reiknaður sem þrír vaxtadagar nema þegar er hlaupár en þá reiknast 29. febrúar sem tveir vaxtadagar. Í mánuðum með 31 dag teljast 30. og 31. sami vaxtadagur.

6. **Hvað eru dráttarvextir?**

   Dráttarvextir eru vextir sem eru reiknaðir ef lántaki greiðir ekki af láni á réttum tíma. Sé krafa greidd eftir gjalddaga er lánveitanda heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast frá gjalddaga að greiðsludegi. Dráttarvextir eru yfirleitt nokkuð háir til að hvetja skuldara að greiða skuld á tilsettum tíma og til að bæta kröfuhafa upp frestun á greiðslu.

7. **Hvað er lánssamningur?**

   Lánssamningur er samningur milli tveggja aðila þar sem lánveitandi lánar lántaka tiltekna fjárhæð gegn því að lántaki lofi að endurgreiða fjárhæðina ásamt vöxtum í samræmi við skilmála sem eru tilgreindir í samningnum. 8. Hvað eru skammtímalán? Nefndu fimm tegundir skammtímalána. Lán til skamms tíma eru ætluð til að fjármagna alls konar neyslu, t.d. kaup á bílum, húsmunum, raftækjum, ferðalögum eða öðrum vörum og þjónustu. Lánstími er yfirleitt frá nokkrum dögum upp í fimm til sjö ár. Dæmi um skammtímalán er notkun kreditkorts, smálán, yfirdráttur á veltureikningi, raðgreiðslusamningar, almenn skuldabréfalán og bílalán.

8. **Hvað eru skammtímalán? Nefndu fimm tegundir skammtímalána.**

   Lán til skamms tíma eru ætluð til að fjármagna alls konar neyslu, t.d. kaup á bílum, húsmunum, raftækjum, ferðalögum eða öðrum vörum og þjónustu. Lánstími er yfirleitt frá nokkrum dögum upp í fimm til sjö ár. Dæmi um skammtímalán er notkun

kreditkorts, smálán, yfirdráttur á veltureikningi, raðgreiðslusamningar, almenn skuldabréfalán og bílalán.

9. **Hvað er langtímalán? Nefndu tvær tegundir slíkra lána.**
   Langtímalán eru ætluð til að fjármagna fjárfestingar sem eðlilegt er að fjármagna á löngum tíma en nauðsynlegt er að nota eða eignast strax. Lánstími langtímalána er misjafn og getur verið allt að 40 ár. Dæmi um langtímalán eru húsnæðislán og námslán.

10. **Hverjir eru helstu kostnaðarliðir við lántöku aðrir en vextir?**
    Þegar lán er veitt greiðir lántaki yfirleitt svokallað lántökugjald, sem oft reiknast sem hlutfall af lánsfjárhæð eða er föst fjárhæð, og fastan kostnað við að útbúa lánið. Ef um er að ræða lán með veði þarf að greiða þinglýsingargjald, sem er kostnaður fyrir að sýslumaður skrái lánssamninginn sem veð á viðkomandi eign. Annar kostnaður sem oft fylgir lántöku er m.a. kostnaður við greiðslumat, veðbandayfirlit (upplýsingar um veð sem hvíla á eign), o.fl. Á lánstíma greiðir lántaki innheimtukostnað, yfirleitt föst fjárhæð á gjalddaga.

Kafli III. Nokkur hollráð

1. **Hvað er að vera fjárhagslega sjálfstæður?**

Að vera fjárhagslega sjálfstæð/ur er að stjórna eigin fjármálum, að eiga eignir og ráðstafa tekjum í útgjöld og sparnað að eigin vali.

2. Af hverju er ódýrara að kaupa eignir með sparnaði frekar en lántöku? Sparnaður safnar innlánsvöxtum en greiða þarf útlánsvexti af lánum. Vaxtamunurinn er mikill, sérstaklega á ýmsum skammtímalánum.

3. **Hverjir eru helstu flokkar sparnadar og hver er tilgangurinn með hverjum þeirra?**
   Skammtímasparnaður er sparnaður sem tekur tiltölulega stuttan tíma að byggja upp og/eða þarf að vera laus til ráðstöfunar eftir stuttan tíma. Skammtímasparnaði má skipta í varasjóð og neyslusjóð. Langtímasparnaður er lagður fyrir til að safna fyrir

eignum sem kosta mikið og tekur langan tíma að safna fyrir, t.d. fasteign, bíl eða sumarhúsi. Eftirlaunasparnaður er lagður fyrir til að byggja upp sjóð til að greiða eftirlaun eftir að látið er af störfum vegna aldurs. Eftirlaunasparnaður er tvenns konar, skyldusparnaður í lífeyrissjóð og frjáls viðbótarlífeyrissparnaður.

4. **Hvað er varasjóður?**

   Sjóður til að grípa í við fjárhagsleg áföll. Oft er ráðlagt að einstaklingar eigi varsjóð sem nemur þriggja mánaða launum.

5. **Hve mikið geta einstaklingar greitt i viðbótarlífeyrissparnað?**

   Hvenær og hve mikið greiðir atvinnurekandi i mótframlag? Einstaklingar geta verið með viðbótarlífeyrissparnað sem nemur 4% af launum. Launþegar eiga yfirleitt rétt á að fá 2% mótframlag frá launagreiðanda gegn því að leggja fyrir sjálfir 2% af launum.

6. **Hvað geta einstaklingar nýtt viðbótarlífeyrissparnað til margra ára til að greiða inn a fyrstu fasteign?**

   Einstaklingar sem eru að kaupa sitt fyrsta húsnæði geta notað viðbótarlífeyrissparnað til 10 ára og greitt hann óskattlagðan inn á húsnæðislán eða íbúð.

7. **Nefnið dæmi um persónulegar og efnahagslegar áhættur einstaklinga. Hvað er hægt að gera til að draga úr fjárhagslegum afleiðingum þeirra?**

Persónulegar áhættur eru áhættur tengdar hæfi einstaklinga til að afla tekna til að greiða fyrir neyslu og fjárfestingar. Efnahagslegar áhættur eru hætturnar á rýrnun eigna vegna verðsveiflna eða tjóna eða hættan á hækkun skulda vegna verðbólgu eða breytinga á greiðslubyrði. Einstaklingar geta dregið úr áhættu vegna breytinga á launum eða atvinnu með því að eiga varasjóð og gætt að því að skuldir séu ekki það miklar að ekkert megi út af bera til þess að viðkomandi ráði ekki við að greiða af þeim.

Einstaklingar geta keypt viðbótartryggingar til að verjast tekjumissi vegna óvinnufærni (sjúkra- slysatryggingu) eða fráfalls (líftryggingu). Besta leiðin til að draga úr áhættu vegna verðsveiflna á fasteign er að vera búinn að safna fyrir útborgun sem nemur a.m.k. 20% til 30% af
kaupverði og taka ekki of miklar skuldir til að þola ekki hækkun á greiðslubyrði skulda. Þeir sem eiga eignir geta keypt eignatryggingar til að verjast tjónum vegna óhappa, óveðurs eða innbrota.